



ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR SÖRLA

Veturinn 2017-2018

EFNISYFIRLIT

Starfsárið og nefndin	3
Æskulýðsnefnd 2017-2018:	3
Hestafjör Sörla haust 2017	4
Öryggisnámskeið	4
Sameiginlegt Jólaball	5
Foreldrafundur	5
Bingó.....	5
Hestafjör Sörla vor 2018.....	5
Grímuleikar Sörla.....	6
Leikjadagur	6
Æskan og hesturinn	6
1. maí sýning Sörla.....	7
Fjölskyldudagur á Sörlastöðum	8
Reiðskóli Sörla og Íshesta	8
Keppnisnámskeið.....	8
Knapamerkjanámskeið	9
Opnir tímar með leiðsögn.....	9
Pakkir	10

STARFSÁRIÐ OG NEFNDIN

Dagskrá æskulýðsnefndar var metnaðarfull, þétt og fjölbreytt. Slíkt væri erfitt ef ekki væri fyrir hjálpfúsa félagsmenn sem tilbúið er að leggja starfinu lið.

Æskulýðsnefnd 2017-2018:

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður

Bjarnleifur Smári Bjarnleifsson, varaformaður

Björn Páll Angantýsson, gjaldkeri

Freyja Aðalsteinsdóttir, ritari

Elín M. Magnúsdóttir

Jóhanna Ólafsdóttir

Sara Dögg Björnsdóttir

HESTAFJÖR SÖRLA HAUST 2017

Vetrinum var startað enn á ný með skemmtilegu og umfram allt spennandi 10 vikna námskeiði sem bar heitið *Hestafjör Sörla*. Námskeiðið var ætlað börnum og unglingum á aldrinum 10 til 18 ára. Flest komu á eigin hestum og uxu sem knapar með sínum hesti en einnig voru nokkur sem ekki áttu hest og lánaði Íshestar þeim hópi klára. Kennarar voru þau Friðdóra Friðriksdóttir, Matthías Kjartansson og Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir og aðstoðarkennari þeirra var Jóhanna Freyja Ásgeirsdóttir. Fjöldi þátttakanda var takmarkaður eða alls 12 pláss, fullt var á námskeiðið sem tókst afar vel og virðist komið til að vera.

Hópnum var skipt upp í tvo hópa eftir aldri og reynslu. Námskeiðið hófst 19. september á bóklegu námi og verklegt nám byrjaði 10. október og var kennt tvisvar í viku. Þema námskeiðsins var þrautabraut og skemmtun og var lögð áherslu á sem fjölbreyttasta kennslu, meðal annars umhirðu og hirðing hesta, ásetuæfingar, gangtegundir, fimi og þrautabrautir. Kennsla fór fram í reiðhöllinni en einnig var farið í reiðtúra, þegar veður leyfði. Námskeiðið endaði 28. nóvember með glæsilegri sýningu.

ÖRYGGISNÁMSKEIÐ

Nefndin reyndi enn og aftur að halda öryggisfræðslu í samstarfi við VÍS og Neyðarlínuna þann 10. Desember, sem ekki fékk hljómgrunn hjá félagsmönnum þar sem enginn mæting varð.

Okkur í nefndinni þykir það miður hve lítið félgasmenn láta sér öryggismál varða þar sem við teljum þau málefni eiga uppá pallborðið við alla sem stunda hestamennsku. Öryggismálum í hestamennsku hefur verið ábótavant að okkar mati, saman ber hina gömlu klisju að detti einstaklingur af baki sé mikilvægast að hann drífi sig strax aftur á bak. Mikilvægast er að staldra við og leiða hugann að því hvernig var fallið eða byltan og hvort viðkomandi gæti hafa meitt sig áður en staðið er upp. Þessari hugsun viljum við breyta og höfum því talað fyrir þeim málstað að fá fleiri til að huga að öryggismálum í hestamennsku.

SAMEIGINLEGT JÓLABALL

Hestamannafélagin Fákur, Hörður, Sóti, Sprettur og Sörli ætluðu að standa að árlegu sameiginlegu jólaballi þann 28. desember. Því miður varð ekkert úr viðburðinum vegna misskilnings á hugsanlegri þátttöku félagsmanna. Jólaballinu var aflýst með mjög stuttum fyrirvara og því fóru einhverjir fýluferð að Harðarbóli í Mosfellsbæ.

FORELDRAFUNDUR

Í janúar var haldin foreldrafundur á Sörlastöðum þar sem foreldrum gafst tækifæri á að spjalla við nefndina og koma með sínar hugmyndir fyrir starf vetrarins. Mæting var ágæt, farið var yfir drög að dagskrá vetrarins og voru ræddar margar góðar hugmyndir.

BINGÓ

Hið árlega Bingó var haldið 21. janúar. Mæting var frábær og myndaðist mjög skemmtileg stemming á Sörlastöðum. Líkt og fyrri ár var boðið upp á pizzur í hléinu, sem runnu ljúft ofan í Bingógesti. Í boði voru hreint út sagt glæsilegir vinningar og fóru margir vinningshafar glaðir heim með veglega vinninga.

HESTAFJÖR SÖRLA VOR 2018

Haldið var áfram með okkar vinsæla Hestafjör fyrir krakka á aldrinum 9 – 14 ára. Námskeiðið var 10 vikur og eins og áður var hópurinn tvískiptur eftir getu. Kennslan fór fram á sunnudögum. Eins og áður var námskeiðið haldið í samstafi við Íshesta þar sem þeim börnum sem ekki höfðu hest til umráða fengu aðgang að hesti á námskeiðinu. Kennari var Mattías Kjartansson.

Æfingar voru inn í reiðhöll þar sem kennt var treck (þrautabraut), einnig var farið í útreiðatúra þegar veður leyfði.

GRÍMULEIKAR SÖRLA

Hið árlega Grímuleikar Sörla var haldið 25. febrúar þar sem heimilt var að ríða annað hvort tölt eða brokk. Þar mættu pollar teymdir, allt frá eins árs aldri í grímubúningunum sínum og þar einnig að líta skrautlega skreytta hesta.

Flokkaskipting var með óhefðbundunum hætti enda um óhefðbundið mót að ræða. Flokkarnir skiptust í Börn (10-13 ára), Unga fólkið (14-17), Sjálfráða fólk (18 ára og eldri).

LEIKJADAGUR

Í þriðja sinn þann 11. mars var leikjadagurinn haldinn á Sörlastöðum þar sem krakkarnir komu saman, ásamt foreldrum eða forráðamönnum án hesta sinna og áttu glaðan dag saman í leik og skemmtun. Mæting var frábær. Rúmlega hálf reiðhöllin var tekin undir hoppukastala af ýmsu tagi og skemmtu börn sér á öllum aldri einstaklega vel. Má þar nefna að Formaður Sörla og Formaður Æskulýðsnefndar öttu kappi í þrautabraut í hoppukastala þar sem Formaður Sörla vann með glæsibrag. Boðið var upp á veitingar og þegar dagskránni lauk fengu allir þátttakendur páskaegg nr. 3 með sér heim.

ÆSKAN OG HESTURINN

Þann 28. apríl mættu Sörlakrakkar, ásamt krökkum frá Fáki, Herði og Spretti í TM höllina í Víðidal þar sem tvær sýningar *Æskan og hesturinn* voru haldnar. Voru atriðin öll hin glæsilegustu og skemmtilegt að sjá hve gaman krakkarnir höfðu af þessu og hve mikið var lagt í undibúing atriðanna.

Undirbúningur fyrir Æskan og hesturinn hjá okkur í Sörla byrjaði snemma og voru allir hvattir sem áhuga höfðu að taka þátt í sýningunni að mæta og vera með í undirbúningnum. Nefndin bauð upp á pizzu á kynningarfundinum svo haldin var og fór enginn svangur heim.

Sörli sendi eitt atriði, Boðhlaup, þar sem 12 börn og unglingar tóku þátt. Krakkarnir áttu mikinn þátt í að búa til og móta atriðið. Mikið hópefli var í kringum

undirbúninginn, krakkarnir elfdir til að kynnast og nýjir félagar teknir með. Hópurinn byrjaði á að hittast á hugmyndaflugsfundi þar sem atriði og búningar ákveðið. Þar á eftir var haldin gönguæfing, æfing án hesta, á sömu æfingu var búningagerð sem krakkarnir unnu að sjálf. Síðan voru æfingar með reglubundum hætti þrisvar í viku mánuðinn fyrir sýningu. Einnig var haldið hópefli helgina fyrir sýningarhelgi með því hugarfari að þetta hópinn enn frekar.

Eftir sýningarnar á Æskan og hesturinn hittust þáttakendur og aðstandendur á Sörlastöðum þar sem boðið var upp á hamburgara þar sem hópurinn átti saman skemmtilega samverustund. Ekki var annað að heyra en mikil stemming væri fyrir næstu sýningu að ári.

1. MAÍ SÝNING SÖRLA

Í tilefni alþjóðlega dags Íslenska hestsins héldum við sýning á Sörlastöðum 1. maí og gerði æskan honum hátt undir höfði.

Dagurinn hófst með fallettri fánareið þrúðbúinna keppnisknapa af yngri kynslóðinni. Síðan var kynning á knapamerkjum þar sem sýnt var flott prógramm með ýmsum fimíæfingum s.s. krossgang, sniðgang, gangskiptingar, bauga af ýmsum stærðum og gerðum. Einnig voru sýnd margar fimíæfingar sem og ýmsar gangtegundir bæði í vinnuformi og miklu söfnuðu keppnisform.

Mjög skemmtilegt atriði "fjölskylduhesturinn" var sýnt í framhaldi af knapamerkjum og gangtegundum. Þar komu þeir feðgar Kristján á Þokkadís og Bubbi (5 ára) á Bróðir 21 vetra og sýndu okkur listir sínar. Þá var komið að stóru atriði sem Sörlakrakkar sýndu í Æskan og hesturinn. Þetta voru börn á aldrinum 9 til 16 ára. Þau byrjuðu á því að ríða inn í höllina í fallettri sknúðreið. Síðan sýndu þau skemmtilegt boðhlaup á hestum þar sem þau þurftu að ríða í gengum litla þrautabraut.

Dagskráin endaði með skemmtilegum leik þar sem krakkarnir tóku beisli og hnakk af hestunum og slepptu þeim og ráku þau nokkra hringi. Leikurinn fólst í því að

reyna ná sínum hesti, beisla hann og leggja á hann hnakk og ríða einn hring. Það var mikið fjör í hestunum svo þetta var smákunst að ná þeim. Sú yngsta í hópnum var rétt búin að beisla sitt hross þegar annað hross kom hlaupandi og tók hitt hrossið með sér. En úrslitin urðu þau að Sara Dögg og Bjartur unnu þennan skemmtilega leik.

Þegar formlegri sýningu var lokið var öllum keppendum og áhorfendum boðið í vöfflukaffi. Dagurinn tókst frábærlega vel og má það þakka unga fólkinu okkar sem lagði sig fram um að gera sýninguna sem glæsilegasta.

FJÖLSKYLDUDAGUR Á SÖRLASTÖÐUM

Í upphafi vetrar var stefnt að því að fara í fjölskylduferð í Krýsuvík líkt og undanfarin ár en vegna mikillar rignar var ófært í Krýsuvík og þurfti að hætta við. Í staðinn fyrir fjölskylduferðina var ákveðið að halda fjölskyldudag á Sörlastöðum.

Farið var í hina ýmsu leiku þar sem jafnt ungir sem aldnir tóku virkan þátt, ekki var hægt að sjá hvort skemmtu sér betur, ungir eða gamlir. Þetta var mjög vel heppnaður dagur þar sem mætingin var ágæt. Grillið var tendrað þar sem íslenskar pylsur voru grillaðir ofan í gesti.

REIÐSKÓLI SÖRLA OG ÍSHESTA

Árið endaði svo á fimm vikulöngum reiðnámskeiðum, kennt fyrir og eftir hádegi í samstarfi við Íshesta þar sem unglingar úr Sörla aðstoðuðu á námskeiðunum. Mikil ásókn var í þessi námskeið og verða þau klárlega endurtekin að ári enda góð leið til að kynna hestamennsku fyrir börnum sem ekki hafa greiðan aðgang að hestum.

KEPPNISNÁMSKEIÐ

Haldi var keppnisnámskeið fyrir börn unglinga og ungmenni. Lögð var áhersla á gæðingakeppni í tilefni af landsmóti og spannaði námskeiðið 10 vikur. Kennslan var með fjölbreyttu sniði, bæði bókleg, þar sem farið var yfir reglur í keppni og aðra þætti

sem snúa að keppni auk verklegra tíma, bæði í reiðhöll og úti á keppnisvellingum. Kennarar voru þau Sindri Sigurðsson og Ásta Kara Sveinsdóttir.

KNAPAMERKJANÁMSKEIÐ

Boðið var uppá knapamerki 1, 2, 3 og 4, bæði bóklegt og verklegt. Kennslan fór fram tvisvar í viku. Knapamerki hafa notið mikilla vinsælda í Sörla undanfarin ár og hafi bæði börn og fullorðnir stundað námið. Kennari var Friðdóra Friðriksdóttir.

OPNIR TÍMAR MEÐ LEIÐSÖGN

Nefndin hélt áfram að bjóða uppá opna tíma með leiðsögn í vetur, krökkum að kostnaðarlausu. Að þessu sinni var prófað að hafa tíma til skiptis á laugardögum og fimmtudögum. Þar fengu kakkarnir tækifæri á að leita til reiðkennara með þau vandamál sem þau gætu verið í og til að fá leiðsögn til að bæta sig og hestinn sinn. Skipulagið var einfaldað enn frekar með því að semja aðeins við tvo kennara til að sjá um kennsluna að þessu sinni. Fyrsti opni tími ársins var 13. janúar og var sem fyrr tveir tímar voru í boði þ.e. einn fyrir meira vana og annar fyrir minna vana. Seinasti opni tíminn var 21. apríl. Tímarnir voru jafnan vel sóttir. Kennarar voru þau Matthías Kjartansson og Rúna Björg Vilhjálmsdóttir.

ÞAKKIR

Það er gæfa æskulýðsstarfsins ef félagsmenn eru öflugir að hjálpa til þegar leitað er eftir því og ber að þakka öllum þeim sem hjálp veittu fyrir samstarfið á árinu. Að öllum öðrum ólöstuðum ber að nefna nokkra aðila sem lögðu okkur lið með vinnu sinni. Það voru þau Aðalbjörg Sigurjónsdóttir, Ásta Kara Sveinsdóttir, Friðdóra B. Friðriksdóttir, Kristinn Jón Einarsson, Jóhanna Freyja Ásgeirsdóttir, Jón Brúnó Ingvarsson, Matthías Kjartansson, Rúna Björg Vilhjálmisdóttir, Sigurður Emil Ævarsson, Sindri Sigurðsson, Svavar Arnfjörð, Sæbjörg Ólafsdóttir og Þórunn Ansnes.

Fjöldmörg fyrirtæki studdu starfið og gerðu það með myndarskap og hlýhug. Erfitt væri að hafa starfið jafn öflugt og raun ber vitni án þeirra stuðnings. Við sendum eftirtöldum fyrirtækjum bestu þakkir fyrir stuðninginn: Brimco, Burger-inn, Furuflís, Hafnarfjarðarbær, Herramenn, Hestar og menn, Lagnafóðrun, Lindin, Lífland, Neyðarlína, Rio Tinto Alcan, Söðlaverkstæði Jóns Sigurðssonar, Vinnuföt, Víking sjávarfang, VÍS og Ölgerðin, auk þeirra sem lögðu okkur lið en vilja þó ekki láta nafns sín getið.